

SVAR VIÐ FYRIRSPURN

Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Svar við fyrirspurn skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sósíalistasflokks Íslands um tölfræðileg gögn um fjölda ofbeldismála gagnvart börnum í leikskólum innan Reykjavíkur

Á fundi skóla- og frístundaráðs, 8. maí 2023, var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn fulltrúa Sósíalistasflokks Íslands:

Óskað er eftir tölfræðilegum gögnum um fjölda ofbeldismála gagnvart börnum í leikskólum innan Reykjavíkur. Tölfræðin sé sundurliðuð eftir ári, síðustu fimm ár og jafnframt komi fram fjöldi ofbeldismála eftir því hvort þau eiga sér stað í sjálfstætt reknum leikskólum eða borgarreknum leikskólum.

Svar:

Ekki liggja fyrir tölfræðilegar upplýsingar um fjölda ofbeldismála gagnvart börnum í leikskólum innan Reykjavíkur. Er ástæður þess að rekja til þess að ekki er enn sem komið er til miðlægt atvikaskráningarkerfi sem heldur utan um slíkar upplýsingar og ekki hefur verið óskað eftir framangreindum upplýsingum frá stjórnendum leikskóla.

Þó er upplýst um að ef upp kemur ofbeldismál gagnvart barni er farið eftir verkferli skóla- og frístundasviðs um viðbrögð við meintri óviðeigandi framkomu starfsmanns í garð barns. Leikskólastjóri upplýsir fagstjóra í miðstöð og getur ráðfært sig við mannauðs- og lögfræðipjónustu skóla- og frístundasviðs ef þörf er á. Stjórnandi heldur til haga mikilvægum upplýsingum og varðveitir skjöl til samræmis við lög nr. 77/2014 um opinber skjalasöfn. Því eru öll gögn varðandi einstaklinga geymd í persónumöppu hans og aðgangsstýrð í samræmi við lög.